



Borgarráð

Viðaukar við fjárhagsáætlun 2020

1. Lífeyris- og rekstrarskuldbindingar Sinfóníuhljómsveitar Íslands (MOF)

Lagt er til að fjárheimildir menningar- og ferðamálasviðs (MOF) hækki um 7.735 þ.kr. vegna aukaframlags til Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205 ófyrirséð og hefur eftirfarandi áhrif á fjárhagsáætlun A-hluta árið 2020.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-7.735
RHS	03102	Sinfóníuhljómsveit Íslands	Til	7.735
			Samtals	0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu.

Greinargerð:

Kostnaður þessi er til að standa undir viðbótarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sem er ríkisstofnun, en Reykjavíkurborg er skylt samkvæmt 3. grein laga nr. 36/1982 að standa undir 18% af rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitarinnar. Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir fjárhagsárið 2020 var gert ráð fyrir að hækka framlag til hljómsveitarinnar í samræmi við verðlag, þar sem ekki lágu fyrir upplýsingar úr fjárlögum ríkisins áður en fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar var samþykkt í borgarstjórn. Samkvæmt staðfestingu frá Fjárslu ríkisins ber Reykjavíkurborg að greiða 255.863 þ.kr. framlag árið 2020 og sem er 3.022 þ.kr. hærra en gert var ráð fyrir. Auk þess er gerð krafa um að Reykjavíkurborg greiði 18% hlut í lífeyrisskuldbindingu vegna ársins 2019 eða 4.713 þ.kr. Samtals er því gert ráð fyrir að greiðsla ársins nemi 260.576 þ.kr. en samþykkt áætlun nemur 252.842 þ.kr. Mismunur nemur því 7.735. þ.kr.

2. Flutningur fjárheimilda milli sviða vegna þróunarverkefnis í Breiðholti

Lagt er til að fjárheimildir vegna 1,5 stöðugildis færist frá skrifstofum skóla- og frístundasviðs til Þjónustumiðstöðvar í Breiðholti (VEL).

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
SFS	D008	Mannauðsþjónusta		-4.724
SFF	D007	Fjármála- og rekstrarþjónusta	Til	-10.200
VEL	R3001	Þjónustumiðstöð í Breiðholti	Til	14.924
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu.

Greinargerð:

Skóla- og frístundasvið og velferðarsvið vinna að þróunarverkefni í Breiðholti undir yfirskriftinni Betri borg fyrir börn. Sviðin sameina þar krafta sína til að veita börnum og fjölskyldum þeirra betri þjónustu í skóla- og frístundastarfi. Í þessu samhengi var í byrjun árs 2020 stofnuð skóla- og frístundadeild innan þjónustumiðstöðvar í Breiðholti. Í kjölfarið voru ráðnir starfsmenn hjá Þjónustumiðstöðinni sem fjármagna á með tilfærslu fjármagns frá skóla- og frístundasviði til velferðarsviðs.

Dagur B. Eggertsson